

yfirrjettarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Jóns Ásbjörnssonar 20 kr. til hvors.

Skadabæturnar greiðist innan 8 vikna eftir lögbirtingu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. apríl 1919.

Nr. 10/1919:

Rjettvisin

gegn

Magnúsi Jóhannssyni.

D ó m u r :

Með aukaréttardómi Snæfellsness- og Hnappadallssýslu uppkveðnum 31. desbr. f. á., var ákærði í máli þessu Magnús Jóhannsson bóndi í Efrihlíð í Helgafellssveit dæmdur samkvæmt 231. gr. 1. málsl. og 250 gr. allmenræ hegningarlaga 25. júní 1869 í 18 mánaða betrunarhússvinnu og til að greiða allan af málinu og varðhaldsvist sinni leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun, 10 kr. til skipaðs talsmanns síns, Sigurðar oddvita Jónssonar, svo og til að greiða iðgjöld þessum mönnum: Hafliða Þorsteinssyni í Bergsholtskoti kr. 15,00, Jóni bónda Konráðs syni á Hofstöðum kr. 26,50, Guðmundi bónda Bjarnasyni í Jónsnesi kr. 26,50, Jóni bónda Guðmundssyni á Narfeyri kr. 22,00, Júlíusi bónda Sigurðssyni í Fagurey kr. 26,50, Páli bónda Guðmunds-

syni í Höskuldsey kr. 26,50, Einari bakara Vigfús-syni í Stykkishólmi kr. 4,50, Magnúsi borgari Magnússon í Stykkishólmi kr. 4,50 og Hannesi bónda Kristjánssyni á Grunnasundsnesi kr. 450.

Eftir ósk ákærða er dómi þessum skotið til landsyfirdómsins.

Ákærði er fæddur 6. nóv. 1887 og hefir eigi sætt refsingu fyrir neitt afbrot. Með játningu hans og öðrum skýrslum málsins er það löglega sannað að hann hafi í heimildarleysi markað og afmarkað ýmist undir sitt mark eða konu sinnar lömb, sem aðrir áttu, í því skyni að kasta eign sinni á þau, svo sem nú verður greint.

Nokkru fyrir fráfarur síðastliðið sumar smalaði ákærði fje sínu til mörkunar og rúningar heim í fjárhús í Efrihlíð og markaði þá upp tvö lömb undir ám, sem aðrir áttu, og voru saman við fje hans; daginn eftir rak hann aftur féð heim og afmarkaði þá enn 2 lömb annara manna eign. Öll þessi lömb markaði hann undir mark konu sinnar, vitandi að þau voru annara eign, og ætlaði þannig að draga sér þau. Í Arnarhóls-skilarjett komu fyrir síðastliðið haust 2 lömb afmörkuð undir mark konu ákærða, og í fé ákærða fundust, eftir að rannsókn málsins var hafin 3 lömb afmörkuð undir sama mark. Ákærði kannast þó eigi við að hafa afmarkað fleiri en 4 ádur-talín lömb, en hefir haldið því fram að 5. lambið sé frummarkað, eða að mörkunin á því sé upp-mörkun sin á mismörkuðu lambi. Í rjettarhaldi 22. okt. f. á. jataði ákærði, að hann hefði, auk fyr-

greindra 4 lamba, afmarkað sér lamb, er Þorleif Sigurðardóttir húsfreyja á Helgafelli átti, en í réttarhaldi 28. s. m. tók ákærði þá játningu aftur, og með því að hún styðst eigi við annað, er fram kom við rannsóknina, verður að telja hana óábyggilega, og verður þá eigi talið sannað, að ákærði hafi afmarkað fleiri lömb en fyrir umgetin 4. Eftir skýrslu ákærða og leyfum af frummarkinu á 2 þessara lamba þykir það upplýst, að eigendur þeirra hafi verið Jón bóndi Konráðsson á Hofstöðum og Guðmundur bóndi Bjarnason í Jónsnesi, og hafa þeir krafist endurgjalds fyrir lömbin. En eigendur hinna 2ja lambanna hafa eigi fundist, en prófsgerðirnar sýna að hreppstjórinn tók í sína vörslu þau 2 lömb, sem komu fyrir í Arnarhólsrétt. og má þá ætla að þeim hafi verið ráðstafað sem óskilafé.

Þá hefir ákærði játað að hann hafi síðastliðið sumar og vor frummarkað sér 7 lömb undir ám, sem aðrir áttu. Voru kindur þessar saman við fé hans, er hann rak það heim til rúningar, mörkuoar og fráfærna. Ákærði vissi hverjir voru eigendur lambanna, og hann markaði sér þau í þeim tilgangi að þau yrðu dregin honum í haustréttum, er þau voru með hans marki. 3 af lömbum þessum hafa komist til rjettra eigenda, og eigandi eins lambsins hefir slept tilkalli til endurgjalds fyrir það, en fyrir 3 lömb, sem eigi hafa komist til skila, hafa eigendurnir Jón bóndi Guðmundsson á Narfeyri, Júlíus bóndi Sigurðsson í Fagurey og Páll bóndi Guðmundsson í Höskuldsey krafist iðgjalda.

Síðastliðið haust handsamaði ákærði úr fjársafninu við Arnarhólsrjett ómarkað lamb, markaði það á hornum sínu marki og slepti því svo aftur í safnið. Lamb þetta dró hann sér síðan úr almenningi réttarinnar og lét í sinn dilk, svo og tvo aðra ómerkinga, er hann einnig hornamarkaði sér. Gerði hann þetta til að kasta eign sinni á lömbin, þótt honum væri ljóst að hann brast alla heimild til þess. Einn ómerkinginn seldi ákærði þar í réttinni manni frá Stykkishólmi, annan fann réttastjóri í dilk ákærða og var hann seldur á ómerkingauppbóði þar við réttina og hinum þja slátraði ákærði heima hjá sér næsta morgum, en afurðum hans var síðan skilað til oddvita hreppsins. Iðgjalda hefir eigi verið krafist af hálfu hreppsnefnarinnar fyrir hönd sveitarsjóðsins fyrir ómerking þann, er ákærða seldi.

Haustið 1917 dró ákærði sér í Arnarhólsrétt hrútlamb, sem var eign Hafliða bónda Þorsteinssonar í Bergsholtskoti í Staðarsveit og með hans marki. Ákærða var ljóst að hann átti eigi lambið, en seldi það þó þar við réttina manni frá Stykkishólmi fyrir 15 kr., er hann fékk greiddar. Eigandi lambs þessa hefir krafist að sér yrði dæmt endurgjald fyrir það hjá ákærða.

Enn hefir ákærði orðið uppvís að því, að hafa síðastliðið sumar tekið að ófrjálsu og hagnýtt sjer ull af 10 kindum, er aðrir áttu. Rak hann kindur þessar með fé sínu heim á stekk í Efrihlið og rúði þær þar; voru það 7 ær og þrjár gemlingar. Ákærði hefir skýrt frá hverjir verið hafi eigendur kindanna, og hafa 7 þeirra Einar bakari Vigfússon í Stykkis-

hólmi, Júlíus bóndi Sigurðsson í Fagurey, Magnús borgari Magnússon í Stykkishólmi, Hannes bóndi Kristjánsson í Grunnasundsnesi, Páll bóndi Guðmundsson í Höskuldsey, Jón bóndi Konráðsson á Hofstöðum og Guðmundur bóndi Bjarnason í Jónsnesi krafist endurgjalds fyrir ullina, en eigendur þja reifanna hafa eigi gert kröfur um það.

Lömb þau er ákærði afmarkaði og frummarkaði sér vorið og sumarið 1918, hafa verið metin á 22 kr. hvert, lambið sem hann dró sér haustið 1917, á 15 kr. og ullarreifin á kr. 4,50 hvert, og hef ir ákærði lýst sig samþykkan þessu mati.

Framantalinn afbrot ákærða heyra undir 231. gr. 1. másl. og 250. gr. hegningarlaganna, og þykir refsingin fyrir þau hæfilega ákveðin 15 mánaða betr-unarhússvinna. Yfirdómurinn felst á ákvæði aukarjettardómsins um iðgjaldagreiðslu og málskostnað og ber því að staðfesta dóminn með áminnstri breyt-ingu á refsingunni.

Ákærða ber ennfremur að greiða allan áfrýjun-arkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda við yfir-dóminn 20 kr. til hvors.

Það vottast að rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómnum skal óraskað, þó svo

að refsingartíminn sé 15 mánuðir. Akærði Magnús Jóhannsson greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn yfirréttarmálaflutningmannanna Jóns Ásbjörnssonar og Eggerts Claessen, 20 kr, til hvors.

Iðgjöldin greiðast innan 8 vikna eftir lög-birtinu dóms þessa og skal honum yfirleitt fullnægt með aðför að lögum.

Mánudaginn 28. apríl 1919.

Nr. 5/1919:

Metúsalem Jóhannsson f. h.
hlutafélagsins »Gissur hvíta«
gegn

Otta Guðmundssyni og
R. Jörgensen.

D ó m u r .

Mál þetta höfðuðu hinir stefndu, Otti Guðmundsson skipasmiður og R. Jörgensen vélstjóri, báðir til heimilis hér í bænum, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn áfrýjanda Metúsalem Jóhannssyni útgerðarstjóra fyrir hönd hlutafjelagsins »Gissur hvíta« til greiðslu á 80 kr. fyrir skodun og virðingu á mótorskipum téðs hlutafjelags »Gissur hvíta« og »Geir goða«, en virðingu þessa framkvæmdu þeir samkvæmt dómkvaðningu eftir ósk áfrýjanda, og er virðingargjörðin dags. 28. febr. f. á. Lauk máli þessu svo fyrir